

# Varnarrit Steingríms

Bókarhöfundur: **Björn Þór Sigbjörnsson.**

Bókarheiti: **Steingrímur J. Frá Hruni og heim.**

Gagnrýnandi: **Ólafur Þ Harðarson, prófessor.**

Útgáfa: **Veröld, Reykjavík 2013, 288 bls.**

## Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

“Varnarrit Steingríms er vel skrifað; dálítið eins og langt og vandað blaðaviðtal. Björn Þór skrifar skipulega og lipurlega um atburðarásina – einkum auðvitað frá sjónarhóli Steingríms. Steingrímur gerir glögga grein fyrir sjónarmiðum sínum í löngum og beinum tilvitnunum – oftast með yfirveguðum og áhugaverðum hætti. Bókin verður vafalaust meðal lykilrita fyrir þá sem skrifa munu stjórn-málasögu þessa tímabils – hvort sem dómur sögunnar reynist Steingrími og félögum hagstæður eða ekki þegar upp verður staðið.”

Stundum er sagt, að á Íslandi séu í rauninni einungis tveir stjórnmalaflokkar, ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan. Stjórnmalaflokkarnir – hvort sem þeir eru almennt til vinstri, hægri eða á miðjunni – færi sig með reglulegu millibili inn og út úr ríkisstjórn – og skipti þá jafnframt um stefnu í flestum mikilvægum málum; styðji „ábyrga“ stefnu þegar þeir eru í ríkisstjórn, en sýni „ábyrgðarleysi“ í stjórnarandstöðu; stundi þá bæði yfirboð og andæfi öllu erfiðu sem ríkisstjórn þarf að gera – þó þeir myndu gera mestanpart það sama sætu þeir við ríkisstjórnarborðið. Þetta eru auðvitað ýkjur, en tilhneigingin í þessa áttina er miklu ríkari á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Í samtalsbók Björns Þórs Sigbjörnssonar, *Steingrímur J. Frá Hruni og heim* eru fjölmörg dæmi úr stjórnmalasögu síðustu fimm ára sem ríma við þessa lýsingu á íslenskum stjórnmalum. Björn lýsir framan-greindum einkennum íslenska stjórnmalakerfisins svona: „Stjórnmal eða í það minnsta stjórnmalamenningin er um margt merkilegt fyrirbæri. Málflutningur þingmanna helgast af því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu og hlutverkaskiptin eftir kosningar ganga jafnan snurðulaust fyrir sig. Stjórnarandstaðan gagnrýnir öll verk stjórnarinnar og stjórnin gefur lítið fyrir skoðanir stjórnarandstöðunnar. Deilt er um allt, líka staðreyndir. Afstaða manna til þess hvort tvö-þrjú prósent hagvöxtur er mikill eða lítill hagvöxtur



ræðst af því hvort þeir tilheyra meiri- eða minnihlutanum. Menn velja sér viðmiðin“ (bls. 252).

Steingrímur J. Sigfússon hefur verið lengi í pólitík; settist fyrst á þing 1983 – þá innan við þrítugt. Snemma varð hann einn helsti forystumaður íslenskra vinstri sósíalista, fyrst í Alþýðubandalagi, en stofnaði *Vinstribreyfinguna – grænt framboð* fyrir kosningarnar 1999 þegar mestur hluti Alþýðubandalags rann inn í nýjan krataflokk, Samfylkinguna. Frá 1983 til 2009 – í tæp 26 ár – var Steingrímur alltaf í stjórnarandstöðu, nema þegar hann var ráðherra 1988-1991. Oft minnti hann á hrópandann í eyðimörkinni – ekki síst á bóluátunum í upphafi 21. aldar – og hann þótti harðskeyttur og vígfimur; mikill ræðumaður í gömlum íslenskum stíl; stundum illorður og persónulegur.

Steingrímur vann mikla kosningasigra í stjórnarandstöðu þegar hann var foringi Vinstri grænna frá stofnun til 2013. Það var mikið afrek að koma Vinstri grænum á þing 1999, þegar flokkurinn fékk um 9% atkvæða; fylgið hélst svipað 2003; sigurinn 2007 (14,3%) kom Vinstri grænum í hóp þeirra vinstri sósíalísku flokka á Norðurlöndum sem mest fylgi hafa fengið; eftir Hrunið fengu Vinstri græn tæp 22% atkvæða í kosningunum 2009 og litlu munaði að flokkurinn yrði stærri en Sjálfstæðisflokkurinn – sem fram að því hafði frá stofnun 1929 verið fylgismestur íslenskra stjórnsmálaflokka; oftast langstærstur. Sá sigur skýrist auðvitað í ljósi þess að 2009 voru Vinstri græn eini hefðbundni stjórnsmálaflokkurinn sem enga ábyrgð bar á Hruninu með ríkisstjórnarþátttöku. Helmingur þessa fylgis tapaðist 2013, þegar stjórnarflokkarnir báðir guldu afhroð. Vinstri græn máttu þó betur við una með sín 10,9% – það er ekki slæm útkoma ef miðað er við fylgi systurflokka á Norðurlöndum, t.d. vinstri sósíalísku flokkana bæði í Noregi og Danmörku, þar sem ríkisstjórnarsamstarf með jafnaðarmönnum hefur reynst báðum flokkum dýrkeypt varðandi fylgi á síðustu árum.

Örlögin eru stundum skrytín í pólitík. Árið 2009 varð andófsforinginn Steingrímur fjármálaráðherra eftir Hrunið mikla 2008. Hann fékk það hlutverk að stjórna endurreisn íslenska hagkerfisins í nánu samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn – þann illvíga persónugerving heimskapítalismans, eins og það var [og er] stundum orðað á vinstri vængnum. Hann þurfti að skera útgjöld til heilbrigðis-, mennta- og velferðarmála ótæpilega niður. Hann þurfti að vinna að endurskipulagningu fjármálageirans – og sinna þar björgunarverkefnum fyrirtækja, sem seint verða talin óskaverkefni vinstri sósíalista. Hann þurfti að glíma við Icesave-drauginn, sem glannalegir bankamenn höfðu magnað upp í skjóli eftirlitsleysis íslenskra stjórnvalda og galla á regluverki Evrópusambandsins. Sá draugur reyndist Steingrími erfiðastur í glímunni við Hrunið – og virðist ein meginskýring á hrakförum ríkisstjórnarinnar í kosningunum 2013. Ríkisstjórnin var harkalega gagnrýnd fyrir frammistöðu sína í málinu. Öflugir andstæðingar hennar voru m.a. forseti lýðveldisins og ritstjóri Morgunblaðsins; þeir gömlu fjandvinir fá ekki góða einkunn hjá Steingrími í þessari bók. En alvarlegri var kannski klofningurinn um málið innan þingflokks Vinstri grænna sem veikti flokkinn og ríkisstjórnina. Steingrímur er enn á því að meginlína ríkisstjórnarinnar í málinu hafi verið rétt þegar allt er skoðað: „Icesave-málið reyndist Íslandi mjög dýrt þótt það ynnist fyrir dómnum að lokum. Það tæfði framgang samstarfsins við AGS um níu mánuði hið minnsta og átti stóran þátt í hvað árið 2010 var lélegt en þá varð

yfir fjögurra prósentu samdráttur í landsframleiðslunni. Skuldbinding í 2009-samningunum nam núvirt [í mars 2013] um það bil 70 milljörðum króna langt inni í framtíðinni. Og hver er staðan í dag? Búið á yfir 200 milljarða króna upp í almennar kröfur! Sem sagt miklu meira en nóg fyrir öllum höfuðstól Icesave-skuldarinnar. Það stendur því óhaggað sem ég reyndi að segja strax vorið 2009 að þetta mál myndi ekki verða dýrasti og stærsti reikningurinn eftir bankahrunið á Íslandi. Það myndi verða miklu ódýrara en gjaldþrot Seðlabankans og hallarekstur ríkissjóðs fyrstu árin“ (bls. 193-4).

Það er mjög gagnlegt að fá fram skipulega sýn Steingríms á Icesave-málið. Enn er deilt um marga þætti þess, sem snerta grundvallareinkenni íslenskra stjórnmála. Dæmi um spurningar: Er það rétt, að Steingrímur hafi bara gengið þá braut sem fyrri stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hafði markað? Var fyrsti Icesave-samningurinn frá-leitur þegar hann var gerður [þó auðvitað megi alltaf segja að hann hafi verið vondur, í ljósi þess að síðar náðist betri niðurstaða]? Var eðlilegt – miðað við stjórnskipun Íslendinga – að forseti Lýðveldisins væri fyrirferðarmikill í erlendum fjölmiðlum við að boða stefnu og áherslur sem voru augljóslega ekki ríkisstjórnarinnar? Varð frammistaða forsetans Íslendingum til gagns eða tjóns? Er það rétt hjá Steingrími, að síðari lagasynjun forsetans [þegar samningur hafði verið samþykktur 44-16 í þinginu] hafi „jaðrað við af-nám þingræðis“ (bls. 190)? Er stuðningur formanns Sjálfstæðisflokksins og flestra þingmanna hans við þann samning undantekning frá hefðbundnu „ábyrgðarleysi“ stjórnarandstöðuflokks? Um þetta síðasta segir Steingrímur raunar: „Ég mun alltaf virða það við Bjarna að hann sýndi ábyrgð og lýsti yfir stuðningi. Hann átti ekki auðvelt með þetta en skildi sig þarna loks frá ónefndum öflum og reisti sig sem formaður flokksins. Fyrir vikið fékk hann heldur betur að heyra það, var kallaður vikapiltur minn í *Morgunblaðinu* og ég veit ekki hvað“ (bls. 190).

Segja má að bók Steingríms sé varnarrit fyrir það sem sumir stjórnarandstæðingar kölluðu „verstu ríkisstjórn Íslandssögunnar“. Hann fer m.a. yfir – auk Icesave-málsins – aðdraganda Hrunsins, glímuna við ríkisfjármálin eða blóðugan niðurskurð, aðildarumsóknina að Evrópusambandinu, átökin innan Vinstri grænna, Rannsóknarnefnd Alþingis og Landsdómsmálið og skipulagsbreytingar á Stjórnarráðinu. Hann er stoltur af árangrinum. Bókarhöfundur nefnir nokkra mælikvarða til að rökstyðja góðan árangur. Atvinnuleysi 2009 var 8,2%, en 3,9% í júní 2013. Þrátt fyrir umtalaðan landflotta fjölgaði Íslendingum úr 319 þúsund árið 2009 í 322 þúsund 2013. Stýrivextir Seðlabanka lækkuðu mikið í valdatíð Steingríms og verðbólgan fór úr 18,6 prósentum í 3,8 prósent. Skuldatryggingaálag skánaði. Hagvöxtur skánaði líka, rétt eins og einkaneysla, fjárfesting og kaupmáttur. Rekstrarhalli ríkisins minnkaði mikið (bls. 252-254). Sjálfsagt má rífast um þessar tölur og um hvort betur hefði mátt gera. En tölur af þessu tagi skýra þá jákvæðu umfjöllun sem árangur ríkisstjórnarinnar 2009-2013 fékk hjá mörgum sérfræðingum alþjóðastofnanana á borð við AGS og OECD – og margra blaðamanna erlendra fjármálablaða. Segja má með hæfilegum ýkjum, að einn helsti vandi vinstri stjórnarinnar – og þar með vinstri sósíalistans Steingríms – í kosningunum 2013 hafi verið sá, að aðdáendur ríkisstjórnarinnar var aðallega að finna meðal frekar hægri sinnaðra hagfræðinga í útlöndum!

Sjónarmið Steingríms eru ómissandi þegar menn reyna að gera upp árangur „fyrstu hreinu vinstri stjórnarinnar“ á Íslandi. Reyndar segir hann, að ein ástæða þess að stjórnin hélt út hafi verið að þrátt „fyrir alla erfiðleikana vorum við mjög einbeitt í því að láta þetta ganga upp og því er ekki að leynd að eitt af markmiðunum, undirliggjandi þó, var að sýna að við gætum starfað saman og klárað heilt kjörtímabil. Það út af fyrir sig var mikilvægt ofan í þennan síbyljusöng íhaldsins um sundrungu vinstri manna sem aldrei gætu unnið saman... Síðustu tvær ríkisstjórnir sem hafa sprungið innan kjörtímabils voru leiddar af Sjálfstæðisflokknum, stjórn Þorsteins Pálssonar 1988 og stjórn Geirs H. Haarde 2009 ... Þetta ævintýralega tímabil sem við höfum gengið í gegnum hlýtur að verða fyrirferðarmikið á spjöldum sögunnar og ríkisstjórnin sem þá sat þar með einnig“ (bls. 255).

Varnarrit Steingríms er vel skrifað; dálítið eins og langt og vandað blaðdæmi. Þjórn Þór skrifa skipulega og lipurlega um atburðarásina – einkum auðvitað frá sjónarhóli Steingríms. Steingrímur gerir glögga grein fyrir sjónarmiðum sínum í löngum og beinum tilvitnunum – oftast með yfirveguðum og áhugaverðum hætti. Bókin verður vafalaust meðal lykilkrita fyrir þá sem skrifa munu stjórn málasögu þessa tímabils – hvort sem dómur sögunnar reynist Steingrími og félögum hagstæður eða ekki þegar upp verður staðið.

Kannski er það dramað og dálítið kaldhæðinn viðsnúningur hinna hefðbundnu hlutverka sem ber hæst í sögu Steingríms. Verður hans minnst sem róttæklingssins, sem „axlaði ábyrgð“ þegar þjóð hans stóð frammi fyrir ógnvænlegum háska? AGS virðist þegar hafa gefið honum þá einkunn, hvað sem aðrir gera. Og Steingrímur gefur starfsmönnum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sannarlega ágætiseinkunn (bls. 69-71), rétt eins og íslensku utanríkisþjónustunni (bls. 163) – en hæðist að „heimsendisspámönnum“ (bls. 168).

Ummæli Steingríms um þingmanninn Guðfríði Lilju – sem reyndist honum erfið í samstarfi, en hann talar mjög fallega um – segja kannski líka mikið um hann sjálfan og þá klemmu sem vinstri sósíalistar glíma við þegar þeir taka þátt í ríkisstjórnunum: „Ég hafði mikið álit á hennar geislandi gáfum og hæfileikum sem eru óumdeildir. Hún var mjög mætur félagi og dugleg og merk en það er nú þannig með marga sem máta sig við stjórn málin að sumt í þeim á betur við fólk en annað og þannig var það með Guðfríði Lilju. Hún er mikil hugsjóna- og tilfinningamanneskja, mér þykir ákaflega vænt um hana um leið og ég veit af langri reynslu að stríðar tilfinningar er ekki alltaf auðvelt að aðlaga köldum veruleika stjórn mála“ (bls. 206).

Steingrímur J. Sigfússon hefur síðustu fimm árin lagað sig að náköldum veruleika íslenskra stjórn mála með einkar eftirtektarverðum hætti. Hann hefur tryggt sér sess sem einn mikilvægasti gerandi íslenskrar stjórn málasögu. Þáttur hans er enn umdeildur – og verður kannski áfram. En Steingrímur hefur flutt öflugan varnarræðu fyrir dómstóli sögunnar.